

Reykjavík 28.janúar 2013  
Hestaiþróttadómarafélag Íslands – aðalfundur

Mættir voru 23 félagsmenn, þar með talið stjórn félagsins. Vonast var eftir betri mætingu en veðurguðir voru okkur ekki hliðhollir að sinni. Norðanmenn komust ekki suður vegna ófærðar og var Hellisheiðin illfær fyrir austanmenn en þó náðu nokkrir að koma.

Pjetur N. Pjetursson formaður HÍDÍ byrjaði á því að setja fundinn, Gylfi Geirsson fyrrverandi formaður félagsins var kosinn fundarstjóri og Berglind Sveinsdóttir fundarritari.

Við tóku hefðbundin aðalfundarstörf. Formaður byrjaði á því að kynna skýrslu stjórnar í formi fyrirlesturs með vísun í glærusýningar en glærur verða aðgengilegar á vef félagsins, [www.hidi.is](http://www.hidi.is), undir *Skjöl*. Árið gekk vel og var margt nýtt í gangi. Það sem bar hæst var að félagið er loksins komið með kennitölu og aðgang að fyrirtækjabanka. Félagið setti í loftið heimasíðuna [www.hidi.is](http://www.hidi.is), stofnaði netfangið [hididomarar@gmail.com](mailto:hididomarar@gmail.com) sem allir stjórnarmeðlimir fylgjast með og reyna að svara eftir bestu getu öllum fyrirspurnum félagsmanna. Einnig var tekið í notkun nýtt form á umsókn um að dæma mót. Allir voru sammála um að halda þessu áfram því þetta auðveldar mjög úthlutun dómara á mót og allt utanumhald og yfirsýn yfir reynslu dómara og dreifingu á mótadaga. Haustfundur félagsins í nóvember síðastliðinn gekk mjög vel og var mikil ánægja og eru glærur Hafrúnar vonandi á leiðinni en stjórn mun setja þær strax á vef félagsins þegar þær berast. Notkun + og – spjalda var ekki alveg að skila sér eins og hugmyndin var í upphafi. Ekki nógu skýr skilaboð frá FEIF til stjórnar HÍDÍ um notkun þeirra.

Þegar Pjetur hafði lokið kynningu á skýrslu stjórnar tók gjaldkeri félagsins, Ólöf Guðmundsdóttir til máls og lagði fram ársreikning félagsins.

Umræður um skýrslu og ársreikning voru aðallega tengd + og – spjöldum, en það þarf að fá úr því skorið sem fyrst hvort að notkun þessarra spjalda verður hætt árið 2013 eða hvað. Spurt var út í félagsgjöld í ársreikningi því einungis 65 félagsmenn greiddu félagsgjald árið 2012, útskýringin er sú að félagsgjöldin voru innheimt með endurmenntunarnámskeiðum. Svo var fallið frá greiðslu félagsgjalda á þá dómara sem sóttu ráðstefnuna í Mosfellsbæ. Finnst stjórn það hafa verið mistök eftir á að hyggja. Það kom fram fyrirspurn hvort að jakkarnir sem keyptir voru fyrir dómara sem fóru að dæma fyrir Íslands hönd á Norðurlandamót væru eign þeirra eða félagsins og kom skýrt fram að allir dómarajakkar eru eign félagsins. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru síðan bornir undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Því næst kom að kynna lagabreytingar. Berglind Sveinsdóttir, meðstjórnandi og ritari HÍDÍ sá um að renna í gegnum þær 8 tillögur sem lagðar voru fram - *Sjá skjal á heimasíðu félagsins*. Áður en til kosninga fyrir lagabreytingum kom til var tekið kaffihlé í 20 mínútur.

Eftir kaffi voru lagabreytingar bornar upp til atkvæða. Tillögur 1-3 voru samþykktar samhljóða, tillaga 4 var felld út á þeim forsendum að í raun mætti segja að stjórnin sé 5 manna, þar sem fræðslunefnd skipa 2 félagsmenn sem ekki eru í stjórn og vinnur hún mjög náið með stjórninni. Fyrir tillögu 5 kom fram breytingartillaga sem var svohljóðandi: „*Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt*“. 8 voru með breytingartillögunni og 7 á mót og því var breytingartillaga felld og því kosið um tillöguna sem var svo samþykkt með 13 á móti 4. Tillögur 6-8 voru allar samþykktar samhljóða.



Eftir kosningar lagabreytinga kom Pjetur, formaðurinn, fram og bar upp tillögu stjórnar að tímakaup hestaþróttadómara yrði óbreytt frá árinu 2012. Þ.e.a.s. að laun héraðsdómara verða 2.500 kr/klst, laun landsdómara verða 3.000 kr/klst og laun alþjóðadómara verða 3.500 kr/klst. Það var samþykkt samhljóða. Útkall dómara var einnig samþykkt samhljóða en það verður óbreytt kr.15.000. Stjórn HÍDÍ lagði til að félagsgjald yrði hækkað í 3.000 kr og það var samþykkt samhljóða. Heilmikið var rætt um kílómetragjaldið en samkvæmt ríkistaxta er það rétt tæpar 120 kr/km. Ákveðið var samhljóða að endurspegla ákvörðun Gæðingadómarafélagsins og verður það að hámarki 80 kr/km en annars eiga dómara alltaf að passa að semja um slíkt fyrirfram við mótshaldara. Eftir að öll gjöld höfðu verið ákveðin kom að kosningum. Pjetur gaf kost á sér áfram sem formaður félagsins og var hann kosinn samhljóða. Núverandi stjórnarmeðlimir Berglind og Ólöf sitja annað ár þar sem þær eru kosnar til 2ja ára í senn. Í varastjórn voru kosnir Gísli Geir Gylfason og Halldór Victorsson og munu þeir einnig sitja áfram í fræðslunefnd fyrir árið 2013. Samþykktir samhljóða.

*Næst var orðið laust (Önnur mál)*

Pétur J. Hákonarson kom upp í pontu og las bréf frá félagsmanni að norðan, Jónsteini Aðalsteinssyni. En hann komst ekki suður á fundinn sökum ófærðar en hafði nokkur orð að segja sem hann vildi koma á framfæri. Í bréfi sínu hrósaði hann kennitölu félagsins, nýrri heimasíðu svo eitthvað sé nefnt. Einnig kom fram kvörtun vegna úthlutunarkerfis og starfi stjórnar á árinu 2012. Stjórn mun taka þetta til skoðunar á næsta stjórnarfund.

Rætt var um notkun + og – spjalda á árinu 2012. Dómarar voru mjög óánægðir með óskýr skilaboð varðandi notkun og vilja leggja til að stjórn og fræðslunefnd taki sig til og sendi formlegt bréf fyrir hönd félagsmanna um beiðni að fella þessi spjöld alfarið niður.

Stjórn HÍDÍ kynnti nýtt fyrirkomulag sem er í vinnslu varðandi útgáfu félagsskírteina sem gilda einnig sem afsláttarkort hjá hinum ýmsu fyrirtækjum, verður kynnt nánar á endurmenntunarnámskeiðum.

Fjallað var um úthlutun móta á árinu 2012. Erfitt reyndist að manna sum mótin vegna ferðakostnaðar dómara sem sóttu um. Reynt var stundum að koma á móts við mótshaldara og velja dómara sem næst voru. Einnig er ítrekað að dómara sameinist í bíla þegar verið er að fara lengri vegalengdir á mótstaði.

Sigurður Ævarsson upplýsti fundarmenn að hinn svokallaði jöfnunarsjóður sem líklega er ekki að nást í framkvæmd. Því er enn brýn nauðsyn að dómara séu meðvitaðir um að semja við mótshaldara fyrirfram um ferðakostnað til að koma í veg fyrir leiðindi og/eða misskilning.

Ábending kom fram um að stjórn þyrfti að endurskoða mönnun „stóru“ mótanna, gefa landsdómurum tækifæri líka – ekki eingöngu notast við alþjóðlega dómara ef það eru það margir sem sækja um. Blanda þessu betur, stjórnin þakkaði fyrir þessa ábendingu og tekur hana til greina. Rætt var um flokkaskiptingu fullorðinsflokka, þarf að samræma betur og jafnvel kynna. Einnig kom fram hugmynd fyrir endurmenntunarnámskeiðin að fara mætti vel í keppnisflokka FIPO og hvernig forkeppni og úrslit eru riðin í þessum greinum.

Stjórn mun birta nýjar reglur eftir breytingar á vef félagsins og senda á félagsmenn með tölvupósti.

Formaður slítur fundi.

